

## Aðalfundur FÍSOS 2008

Haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, föstudaginn 19. september 2008 kl.10:15.

Ágústa Kristófersdóttir formaður félagsins setur fundinn.

### Dagskrá:

- A. Kosning fundarstjóra. Kosinn var samhljóða Guðbrandur Benediktsson.  
Kosning fundarritara. Kosin var samhljóða Helga Maureen Gylfadóttir.
- B. Skýrsla stjórnar:
  - a) Skýrsla formanns um störf félagsins. Ágústa Kristófersdóttir formaður félagsins flutti. Ágústa byrjaði á því að þakka Jóni Sigurpálssyni skólastjóra farskólans fyrir vel unninn störf og taka fundarmenn undir með lófataki.

Skýrsla formanns var svohljóðandi:

### Starfið á árinu

Starfið hefur verið samkvæmt venju, stjórnin hefur fundað nokkuð reglulega og hist alls 6 sinnum sem er ívið sjaldnar en í meðalári og skrifast það á barnsburð formanns í upphafi árs.

### Farskóli FÍSOS

Á síðasta aðalfundi FÍSOS lagði formaður félagsins fram þá tillögu fyrir hönd stjórnar að farskólinn 2008 yrði haldinn á Ísafirði og var Jón Sigurpálsson kjörinn farskólastjóri.

### Endurmenntunarnámskeið 2008.

Unnið er að undirbúningi næsta námskeiðs og er yfirskriftin: Öryggismál í söfnum.

### Safnaráð

AlmaDís Kristindóttir ritari FÍSOS hefur tekið þátt í starfi safnaráðs sem að jafnaði fundar einu sinni í mánuði. Safnmenn eru hvattir til að kynna sér starfsemi ráðsins á heimasíðunni: [www.safnarad.is](http://www.safnarad.is).

### Náttúruminjasafn Íslands

Að beiðni menntamálaráðherra skipaði FÍSOS einn fulltrúa í stýrihóp sem ætlað var að móta stefnu um grunnþætti safnastarfs Náttúruminjasafnsins. Hópurinn hefur skilað af sér skýrslu. Fulltrúi FÍSOS var Þröstur Sverrisson.

### Fyrirspurn til Menntamálaráðuneytis vegna Safnalaga

Að beiðni fundarmanns á síðasta aðalfundi var send fyrirspurn um stöðu endurskoðunar safnalaga til menntamálaráðuneytis. Svar barst og voru því gerð skil á póstista FÍSOS. Lögin voru þá nær tilbúin og stóð jafnvel til að leggja þau fyrir vorþing. Hér á eftir mun Eiríkur Þorláksson starfsmaður ráðneytisins koma og kynna stöðu mála og svara fyrirspurnum.

### Álit vegna laga laga um húsafriðun

FÍSOS var beðið um að senda álit á endurskoðun laga um húsafriðun. Félagið gerði ekki athugasemdir við breytingarnar.

## **Póstlisti**

Safnlistinn – póstlisti félagsins er sameiginlegur tilkynningavettvangur og stundum urðu til líflæg skoðanaskipti svo dæmi sé tekið um friðun húsa við Laugaveg í Reykjavík og má segja að efni farskólans í ár sé afsprengi þeirrar umræðu. Utanumhald um kerfið sjálft hefur hvílt að mestu á herðum Byggðasafns Vestfjarða á Ísafirði.

## **Íslenski safnadagurinn**

Safnadagurinn var þann 13. júlí 2008 og tók formaður FÍSOS þátt í starfi undirbúningsnefndar vegna dagsins og sá um að ákvarða útfærslu. Skrifstofa Safnaráðs hélt hins vegar utan um sameiginlega kynningu dagsins. Dagurinn gekk vel og fékk mikla umfjöllun meðal annars vegna þess að Safnverðlaun 2008 voru afhent þann dag.

## **Íslensku safnverðlaunin**

Í janúar 2008 var sett á stofn undirbúningsnefnd vegna Safnverðlaunanna 2008. Ágústa Kristófersdóttir var fulltrúi FÍSOS og Ólöf Sigurðardóttir var fulltrúi ICOM. Ákveðið var að kalla eftir ábendingum um framúrskarandi söfn frá almenningi og birtist auglýsing þar um í Morgunblaðinu, auk þess sem tilkynning var send á póstlista og fjallað var um málið í fjölmiðlum. Alls bárust ríflega 60 tilnefningar. Dómnefnd valdi síðan þrjú söfn sem tilnefnd voru. Í dómnefndinni sátu Kristín Guðnadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Lýður Pálsson, Sigríður Sigurðardóttir og Þorbjörg B. Gunnarsdóttir. Dómnefnd skilaði af sér vel unnu starfi í maí en verðlaunin voru síðan afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum þann 13. júlí 2008. Verðlaunin hlaut að þessu sinni Byggðasafn Vestfjarða og veitti Jón Sigurpálsson þeim viðtöku úr hendi forseta lýðveldisins.

Undirbúningsnefnd var á heildina litið ánægð með framkvæmdina að þessu sinni og sérstaklega hversu mikla fjölmiðlaumfjöllun verðlaunin hlutu.

Rakel Halldórsdóttir framkvæmdastjóri safnaráðs fær sérstakar þakkir fyrir aðstoðina við undirbúning verðlaunanna. Áætlað er að veita verðlaunin næst árið 2010.

## **Erlend samskipti NODEM**

FÍSOS er þátttakandi í Norræna samstarfinu NODEM sem er norrænt verkefni um eflingu stafrænnar miðlunar á söfnum. Næsta NODEM ráðstefna verður haldin hér á landi í desember næstkomandi. Helga Maureen Gylfadóttir er fulltrúi félagsins í starfshópi sem vinnur að þessu verkefni. Auk FÍSOS starfa í hópnum fulltrúar frá Háskóla Íslands, Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni, Þjóðminjasafni Íslands og hugbúnaðarfyrirtækinu Gagarín.

## **Félagsskírteini**

Á starfsárinu voru hönnuð og prentuð ný félagsskírteini og verða þau afhent hér á farskólanum. Misræmis gætti í félagatali og skírteinaframleiðslu sem stjórnin hefur skoðað undir forystu Ölmudísar Kristinsdóttur ritara. Enn eru ekki öll kurl komin til grafar varðandi félagaskrána en það stendur til bóta.

## **Fjölgun félaga**

Eftir skoðun og endurskoðun félagaskrár lítur út fyrir að félögum hafi fjölgað nokkuð á árinu, úr 196 í 209.

## Að lokum

Fundir stjórnar hafa flestir verið haldnir í með frumstæðum fjarfundabúnaði í húsakynnum Sjóminjasafnsins við Grandagarð og þakkar félagið fyrir afnot af síma og fundarherbergi þar.

Ágústa Kristófersdóttir  
formaður FÍSOS

- b) Reikningar skýrðir og lagðir fram til samþykktar. Eiríkur P. Jörundsson gjaldkeri félagsins kynnir reikninga félagsins. Mikill rekstrarhalli útskýrist af því að innheimta félagsgjalda er að fara að stað núna og eru ca. 400 þúsund krónu í innheimtu. Að því gefnu að allir félagsmenn greiði félagsgjaldið þá er staða félagsins um 700 þúsund krónur. Reikningar hafa verið skoðaðir og samþykktir af Lýði Pálssyni og Sigrúnu Magnúsdóttur. Eiríkur tekur fram að á síðasta aðalfundi hafi reikningar verið samþykktir með fyrirvara um að báðir endurskoðendur samþykktu reikninga en þá lá aðeins fyrir undirskrift annars þeirra. Síðan lauk endurskoðandi sínu verki og hann samþykkti reikninga. Reikningar félagsins 2007-2008 eru svohljóðandi:

		Félag íslenskra safna og safnmanna	
		www.safnmenn.is	
<b>Ársreikningur FÍSOS 01.11.2007 - 10.09.2008</b>			
<b>Tekjur:</b>		<b>2008</b>	<b>2007</b>
Félagsgjöld 2007		6.000	2.000
Félagsgjöld 2008		-	310.000
Vaxtatekjur		44.825	47.924
Tekjur v Farskóla og árshátíðar		72.900	350.000
<b>Samtals:</b>		<b>123.725</b>	<b>709.924</b>
<b>Gjöld:</b>			
Heimasíða		21.864	220.864
Útgjöld v Farskóla		100.000	350.000
Félagsstörf		212.841	110.428
Þjónustugjöld til banka		5.232	26.813
Ýmis kostnaður		8.598	23.851
<b>Samtals:</b>		<b>348.535</b>	<b>731.954</b>
<b>Rekstarafgangur ársins:</b>		<b>- 224.810</b>	<b>- 22.030</b>
<b>Eignir:</b>			
Tékkareikningur		93.848	358.998
Gullbók		201.032	180.892
Útistandandi skuldir			50.000
<b>Samtals</b>		<b>294.880</b>	<b>589.890</b>

Samþykkt endurskoðenda reikninga:

	<b>Félag íslenskra safna og safnmanna</b> www.safnmenn.is
<hr/>	
<b>Ársreikningur starfsárið 2007 - 2008</b>	
Áritun gjaldkera og endurskoðenda 10. september 2008	
 Eiríkur P. Jörundsson, gjaldkeri FÍ SOS	
Við undirrituð höfum endurskoðað ársreikning Félags íslenskra safna og safnmanna starfsárið 2007 til 2008. Leggjum við til að hann verði samþykktur.	
10. september 2008	
 Lýður Pálsson	 Sigrún Magnúsdóttir

Fundarstjóri óskar eftir fyrirspurnum til formanns eða gjaldkera varðandi störf félagsins.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir tekur til máls. Guðný sat í nefnd um íslensku Safnaverðlaunin í ár og var sá háttur hafður á að óskað var eftir tillögum frá almenningi um söfn sem ættu skilið að fá verðlaun. Alls bárust um 60 tilnefningar en nefndinni þótti áberandi hve safnafólk hélt sér til hlés. Guðný hvetur félagsmenn til að tilnefna söfn til næstu verðlauna og fylgjast með starfi safna næstu tvö árin en verðlaunin verða næst veitt árið 2010.

Fundarstjóri leggur skýrslu stjórnar fram til samþykktar. Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri leggur reikninga fram til samþykktar. Reikningar samþykktir samhljóða.

C. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar liggja fyrir.

D. Kosning í stjórn og aðrar trúnaðarstöður.

- a. Kosning varaformanns til tveggja ára. Tillaga að AlmaDís Kristinsdóttir verði varaformaður til tveggja ára. Samþykkt samhljóða.

- b. Kosning gjaldkera til tveggja ára. Tillaga að Jón Allansson verði gjaldkeri til tveggja ára. Samþykkt samhljóða.
- c. Kosning ritara til tveggja ára. Tillaga að Elfa Hlín Pétursdóttir verði ritari til tveggja ára. Samþykkt samhljóða.
- d. Kosning varamanns til tveggja ára. Tillaga að Kristín Sóley Björnsdóttir verði varamaður til tveggja ára. Samþykkt samhljóða.
- e. Kosning skoðunarmanna reikninga til tveggja ára. Tillaga að Inga Lára Baldvinsdóttir og Lýður Pálsson verði skoðunarmenn reikninga til tveggja ára. Samþykkt samhljóða.
- f. Kosning farskólastjóra til eins árs. Formaður biður um leyfi til að fá frest til að tilnefna skólastjóra. Á næsta skóla verður haldið upp á 20 ára afmæli farskólans. Samþykkt samhljóða.

E. Ákveðið árgjald félagsmanna og stofnana. Tillaga að gjöld verði óbreytt. Samþykkt samhljóða.

F. Önnur mál.

Formaður kynnir tillögur stjórnar um að bæta við tveimur nýjum heiðursfélögum, þeim Kristveigu Björnsdóttur og Elsu E. Guðjónsson. Samþykkt samhljóða.

Guðbrandur Benediktsson kynnir fyrir fundarmönnum NODEM ráðstefnuna sem haldin verður 3.-5. desember 2008 í Reykjavík.

Ragnheiður Erla Bjarnadóttir skorar á stjórn að taka aftur upp hina svokölluðu Kyndilmessu. Skemmtanir af slíku tagi eru mjög mikilvægar félaginu.

Lilja Árnadóttir vekur athygli fundarmanna á CECA ráðstefnunni sem verður á Íslandi í október 2009. Þetta er fagráðstefna safnkennara á vegum ICOM.

Fundarstjóri lýsir eftir fleiri mælendum en enginn gefur sig fram. Fundarstjóri þakkar þrúðmennsku félagsmanna á fundi og slítur fundinum.

Fundi slitið kl. 10:35.

Helga Maureen Gylfadóttir.